

Alþingi  
Erindi nr. P 135/110  
komudagur 7.11.2007



## Þjóðskrá

6. nóvember 2007

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Vísað er til bréfs allsherjarnefndar Alþingis, dags. 22. október 2007, þar sem Þjóðskrá er sent til umsagnar frumvarp til laga um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð, 128. mál, heildarlög.

Lögum um þjóðskrá og almannaskráningu nr. 54/1962 var breytt með lögum nr. 51/2006 þegar Þjóðskrá var flutt frá Hagstofu Íslands til dóms- og kirkumálaráðuneytis hinn 1. júlí 2006. Við þá breytingu voru sett sérstök ákvæði í lögum sem tryggðu Hagstofunni áfram sama rétt og hún hafði haft áratugum saman til hagnýtingar skráa og gagna Þjóðskrár til hagskýrslugerðar. Hliðstæð ákvæði voru enn fremur sett í lög um fyrirtækjaskrá nr. 17/2003 þegar sú skrá var flutt frá Hagstofunni til ríkisskattstjóra hinn 1. júlí 2003. Sams konar ákvæði hafa verið lengi í skattalögum og tollalögum.

Í II. kafla framangreinds frumvarps eru ítarleg ákvæði um heimildir Hagstofunnar til söfnunar upplýsinga. Þessi ákvæði eru í reynd framsetning í orðum á verklegi og vinnubrögðum sem Hagstofan hefur leitast við að stunda árum saman. Þessi háttur á upplýsingaöflun er nú tryggður í lögum hvað varðar Þjóðskrá, fyrirtækjaskrá, skattskrár og skrár tollstjóra og er til fyrirmyndar. Hiklaust má mæla með því að slík almenn ákvæði séu tekin upp í lögum um Hagstofuna svo ekki fari milli mála að hún hafi glöggar lagaheimildir við öflun upplýsinga til að uppfylla skyldur sínar um hagskýrslugerð, hvort sem er hér á landi eða í alþjóðlegum samskiptum.

Þjóðskrá er kunnugt um að við samningu þessa frumvarps leitaði hagstofustjóri ráða hjá Persónuvernd svo ætla má að frumvarpið beri með sér ágæta vernd borgara og lögaðila við söfnun upplýsinga og gæslu trúnaðar við meðferð gagna við hagskýrslugerð Hagstofunnar.

Að öðru leyti sér Þjóðskrá ekki ástæðu til að fjalla um einstakar greinar frumvarpsins en vill taka fram að hagstofustjóri leitaði ráða hjá Þjóðskrá við samningu þess.

F. h. r.

